

## **VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.**

**Ársreikningur 2019**

**Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>2 - 4</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>5 - 6</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>7</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>8</b>
Sjóðstreymi .....	<b>9</b>
Skýringar .....	<b>10 - 18</b>

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.  
Kennitala 440608-0510  
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi sjóðsins

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. VIRK hefur á undanfórnum 12 árum stöðugt verið að þróa þjónustu sína í takt við reynslu, árangur og rannsóknir hérlendis og erlendis. Markmiðið er ávallt að bjóða upp á faglega þjónustu af bestu gæðum sem skilar árangri fyrir bæði einstaklinga og samfélag.

## Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma VIRK fyrir fjármagnsliði 44,5 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá sjóðnum voru 51,9 og launagreiðslur sjóðsins námu 494 millj.kr. á árinu. Stöðugildin á fyrra ári voru 41,8 og launagreiðslur námu 391,8 millj.kr. á árinu 2018. Meginástæða fjölgunar á stöðugildum hjá sjóðnum milli árunna 2018 og 2019 er annars vegar fjölgun á atvinnulífstenglum vegna aukinnar áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og hins vegar fjölgun á ráðgjöfum og sérfræðingum í Guðrúnartúninu vegna aukins fjölda í þjónustu. Farin var sú leið að ráða inn svokallaða „hlaupandi ráðgjafa“ í höfuðstöðvar VIRK í Guðrúnartúninu sem hafa það hlutverk að aðstoða ráðgjafa um allt land þar sem forföll verða vegna veikinda eða annarra ástæðna. Stöðugildum á skrifstofu (þ.e. starfsmenn sem ekki eru í beinni þjónustu við einstaklinga) hefur ekki fjölgað á milli ára.

Á árinu 2019 hefur verið lögð áhersla á að þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á aukna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og svo verður áfram á árinu 2020. Einnig hefur hlutverk VIRK í forvörnum aukist mikið á undanfórnum tveimur árum eftir að farið var af stað með þriggja ára þróunarverkefni í forvörnum hjá VIRK.

Á árinu 2019 komu 2.092 nýir einstaklingar í þjónustu VIRK og hafa aldrei komið fleiri einstaklingar inn í þjónustu á einu ári. Heildarfjöldi einstaklinga í þjónustu í lok árs 2019 var 2.571. Áfram leitar til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glímur við flókinn og erfiðan vanda.

Varasjóður í lok árs var jákvæður um 4.812,4 millj.kr. en var 4.406,8 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig stækkað um 405,7 millj.kr. eða um 9,2% á árinu 2019. Stærsti hlutinn eða 315,6 millj.kr. er vegna fjármunatekna þar sem aðstæður á mörkuðum voru hagstæðar á árinu 2019.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur lágmarkssjóður sé 2.983 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 4.469 millj. kr. Raunverulegur sjóður er 4.812,4 millj. kr. sem svarar til 99,3% öryggis. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggir í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

## Framtíðaráform

Haustið 2019 var farið í stefnumótunarvinnu hjá VIRK með aðkomu mjög margra aðila bæði innan og utan VIRK. Skerpt var á hlutverki VIRK í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur undanfarin ár og mótuð var framtíðarsýn og stefna til ársins 2025. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þessarar vinnu í ársriti VIRK sem og í sérstökum bæklingi fyrir ársfund VIRK 2020.

## Skýrsla stjórnar frh.

### Framtíðaráform frh.

Framtíðarsýn VIRK til ársins 2025 er eftirfarandi:

- VIRK skilar samfélagslegum ávinningi með árangursríkri og markvissri starfsendurhæfingu sem mætir þörfum einstaklinga og atvinnulífs
- Þjónustan er straumlínulöguð og þrepaskipt út frá vanda einstaklinga
- Skilvirkt og öflugt samstarf er við fagaðila, vinnustaði, stéttarfélög, lífeyrissjóði og stofnanir um allt land
- Almenn vitneskja er um ávinning af starfi VIRK og rétt einstaklinga til þjónustu hjá VIRK
- Atvinnutenging VIRK stuðlar að auknum tækifærum á vinnumarkaði fyrir einstaklinga með heilsubrest
- Forvarnarverkefni VIRK stuðlar að heilsusamlegu starfsumhverfi og eykur þannig þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði
- VIRK er fyrirmyndar vinnustaður þar sem lögð er áhersla á vellíðan og árangur starfsmanna

Í framhaldi af stefnumótunarvinnunni hafa verið skilgreind lykilverkefni með hliðsjón af ofangreindri framtíðarsýn sem unnið verður að bæði á þessu ári og næsta ári til viðbótar við almenna þróun og veitingu á þjónustu til einstaklinga.

Starfsemi VIRK mun halda áfram að þróast og eflast á næstu árum. Starfsendurhæfing er tiltölulega ný faggrein sem er í stöðugri þróun um allan heim og sífellt bætist við ný þekking og reynsla sem taka þarf mið af við þróun þjónustunnar hjá VIRK. Einstaklingar sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda eru undantekningarlítið að glíma við flókinn vanda og aðstæður sem kalla á það að mismunandi fagstéttir vinni saman að því að veita meðferð og finna lausnir auk þess sem nauðsynlegt er að ólíkar stofnanir velferðarkerfisins vinni saman út frá þeim fjölbreyttu þörfum sem einstaklingar hafa.

### Ráðstöfun afkomu ársins

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á afkomu ársins.

### Atburðir eftir lok reikningskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla COVID-19 veirunnar haft víðtæk áhrif á efnahagsumhverfið á heimsvísu. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort áhrifin munu gæta til lengri eða skemmri tíma en ljóst er að nú þegar hafa þau leitt til verðfalls á íslenskum hlutabréfamarkaði og lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. hefur metið áhrif COVID-19 veirunnar og það er ljóst að áhrifin á rekstur VIRK á árinu 2020 verða veruleg. Stærstur hluti tekna VIRK er hlutfall af launum á vinnumarkaði og VIRK fær ekki greitt hlutfall af atvinnuleysisbótum. Því má gera ráð fyrir að tekjur VIRK á árinu 2020 muni dragast umtalsvert saman. COVID-19 mun einnig hafa einhver áhrif á útgjöld eins og aðkeypt starfsendurhæfingarúrræði en gera má ráð fyrir tekjusamdráttur verði mun meiri en samdráttur í útgjöldum.

Áhrif COVID-19 á varasjóð VIRK geta einnig orðið umtalsverð á árinu 2020. Ef VIRK á að halda uppi öflugri starfsendurhæfingaráþjónustu á þessum tíma og tímanum á eftir COVID-19 má því reikna með að ganga þurfi að einhverju leiti á varasjóð VIRK til að tryggja þjónustu. Einnig þarf að fara vel yfir rekstur VIRK og leita allra mögulegra leiða til hagræðingar án þess að það þurfi að koma til skerðingar á þjónustu við einstaklinga.

Staða VIRK er hins vegar sterk, efnahagur stofnunarinnar er sterkur og til staðar er varasjóður sem gerir stofnuninni kleift að halda uppi þjónustu þrátt fyrir áfall sem þetta. Stofnunin er því vel í stakk búin til að mæta efnahagslegum áföllum af völdum COVID-19 veirunnar. Sjá einnig í skýringu 18.

## Skýrsla stjórnar frh.

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og undirritanir stjórnar og framkvæmdastjóra eru aftast í ársreikningnum.

Reykjavík, 14. apríl 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Finnbjörn A. Hermannsson, formaður

Vigdís Jónsdóttir

Davíð Þorláksson, varaformaður

Garðar Hilmarsson

Halldóra Friðjónsdóttir

Halldór Benjamín Þorbergsson

Hannes Gunnar Sigurðsson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Ragnar Þór Pétursson

Sólveig Anna Jónsdóttir

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Unnur Sverrisdóttir

Þórey S. Þórðardóttir

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

#### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. ársrit sjóðsins. Ársrit liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn. Álit okkar ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 14. apríl 2020

### **PricewaterhouseCoopers ehf.**

Bryndís Björk Guðjónsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Undirritun endurskoðanda er rafræn og er aftast í ársreikningum.

## Rekstrarreikningur 2019

	Skýringar	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Iðgjöld .....	3	2.657.996.564	2.555.187.259
Framlag ríkisins .....	3	<u>739.500.000</u>	<u>747.000.000</u>
		3.397.496.564	3.302.187.259
<b>Starfsendurhæfing</b>			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar .....	5	<u>3.002.211.289</u>	<u>2.738.701.887</u>
		3.002.211.289	2.738.701.887
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu .....	4	173.884.520	170.197.354
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	6	<u>176.649.887</u>	<u>221.899.467</u>
		350.534.407	392.096.821
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		44.750.868	171.388.551
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur .....		343.747.732	166.281.717
Fjármagnsgjöld .....		(249.548)	(225.493)
Fjármagnstekjuskattur .....		<u>(27.888.348)</u>	<u>(31.445.606)</u>
	7	315.609.836	134.610.618
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>360.360.704</u></u>	<u><u>305.999.169</u></u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	2019	2018
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	8	498.258.224	437.752.950
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir .....	8	3.768.200.413	3.341.923.496
Innlánsreikningur .....	8	287.553.462	467.741.989
		<u>4.554.012.099</u>	<u>4.247.418.435</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld .....	9	334.572.809	312.640.236
Handbært fé .....	10	292.693.173	234.517.928
		<u>627.265.982</u>	<u>547.158.164</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>5.181.278.081</u></u>	<u><u>4.794.576.599</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		1.500.000	1.500.000
Sjóður til forvarnarverkefna .....		54.381.862	100.000.000
Varasjóður .....		4.812.738.086	4.406.759.244
	11	<u>4.868.619.948</u>	<u>4.508.259.244</u>
<b>Skuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	312.658.133	286.317.355
		<u>312.658.133</u>	<u>286.317.355</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>5.181.278.081</u></u>	<u><u>4.794.576.599</u></u>
 Aðrar upplýsingar	 14 - 18		

## Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		360.360.704	305.999.169
Hreinar (fjármunatekjur) / fjármagnsgjöld .....		(315.609.836)	(134.610.618)
		<u>44.750.868</u>	<u>171.388.551</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur .....		(21.932.574)	(21.009.681)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>26.340.778</u>	<u>707.692</u>
		4.408.204	(20.301.989)
Greiddir vextir og þjónustugjöld .....		(249.548)	(225.493)
Innborgaðar fjármunatekjur af handbæru fé og kröfum .....		11.333.610	15.301.045
Greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum af handbæru fé .....		(2.067.889)	(2.914.975)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>58.175.245</u>	<u>163.247.139</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfestingar í eignastýringu, (aukning) .....		0	(240.000.000)
		0	(240.000.000)
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		58.175.245	(76.752.861)
Handbært fé í byrjun árs .....		234.517.928	311.270.789
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>292.693.173</u>	<u>234.517.928</u>

Aðrar upplýsingar

14 - 18

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Um starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nemur hún sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir fá innheimta af atvinnurekendum.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingagjalds á árunum 2016 til 2019. Framlag ríkisins var 739,5 milljónir króna á árinu 2019 og nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds. Framlag ríkisins verður 789,6 milljónir króna á árinu 2020.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að því undanskildu að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum og í skýringu 16.

### 3. Rekstrartekjur

#### *Iðgjöld*

Iðgjöld atvinnurekenda .....	1.347.293.671	1.293.706.435
Mótframlag lífeyrissjóða .....	1.344.110.581	1.294.501.189
Innheimtubóknun .....	(33.407.688)	(33.020.365)
	<u>2.657.996.564</u>	<u>2.555.187.259</u>

#### *Iðgjöld*

Iðgjöld samanstanda af greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Iðgjöld eru færð til tekna í rekstrarreikning þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok reikningsskilatímabils færð til tekna.

#### *Framlag ríkisins*

Framlag ríkisins er fært til tekna á grundvelli greiðslu frá ríkissjóði í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald nr. 113/1990 og laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

## Skýringar

### 4. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

	2019	2018
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun .....	493.977.457	391.853.115
Launatengd gjöld .....	106.142.599	81.774.786
Áunnið orlof, breyting .....	3.725.527	14.761.306
Annar starfsmannakostnaður .....	21.945.618	17.368.697
	<u>625.791.201</u>	<u>505.757.904</u>
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri .....	19.375.300	18.846.876
Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður kemur þannig fram í rekstrarreikningi:		
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu .....	173.884.520	170.197.354
Fært undir útgjöld meðal starfsendurhæfingar .....	451.906.681	335.560.550
	<u>625.791.201</u>	<u>505.757.904</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf:		
Skrifstofa .....	14,4	14,8
Starfsendurhæfing .....	37,5	27,0
	<u>51,9</u>	<u>41,8</u>

Meginástæða fjölgunar á stöðugildum hjá sjóðnum milli áranna 2018 og 2019 er annars vegar fjölgun á atvinnulífstenglum vegna aukinnar áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og hins vegar fjölgun á ráðgjöfum og sérfræðingum í Guðrúnartúninu vegna aukins fjölda í þjónustu. Farið var sú leið að ráða inn svokallaða „hlaupandi ráðgjafa“ í höfuðstöðvar VIRK í Guðrúnartúninu sem hafa það hlutverk að aðstoða ráðgjafa um allt land þar sem forföll verða vegna veikinda eða annarra ástæðna.

### 5. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar

	2019	2018
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:		
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa .....	688.040.555	654.317.684
Sérfræðiþjónusta og matsteymi .....	200.924.650	212.319.733
Úrræði .....	1.451.273.901	1.303.527.749
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar, skýring 5 .....	451.906.681	335.560.550
Þróun á upplýsingakerfi .....	145.503.636	123.649.999
Styrkir vegna þróunar, rannsókna og virkni .....	18.943.728	44.167.872
Forvarnarverkefni .....	45.618.138	65.158.300
	<u>3.002.211.289</u>	<u>2.738.701.887</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	37,5	27,0
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs .....	51,8	51,0
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs .....	2.571	2.465
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu .....	2.092	1.965

Um 16 sérfræðingar (2018: 17) voru í sérhæfðum mats- og rýnitemum í lok árs, en vinnuframlag þeirra er mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

## Skýringar

### 6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2019	2018
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Húsaleiga .....	31.153.654	30.001.176
Viðhald húsnæðis .....	1.383.903	3.985.934
Annar rekstrarkostnaður fasteigna .....	6.096.279	5.863.629
Innréttingar, áhöld og tæki .....	8.510.749	18.923.632
Ritföng og prentun .....	1.621.705	1.687.259
Sími, internetkostnaður og burðargjöld .....	5.552.530	5.529.036
Gjaldfærð áhöld og viðhald .....	52.750	409.280
Útgáfa og kynningarkostnaður .....	13.334.241	48.564.463
Menntun, ráðstefnu og námskeið .....	8.206.698	8.893.988
Bækur, tímarit og námsgögn .....	335.604	215.217
Ferðakostnaður innanlands .....	870.034	1.299.968
Funda-, ráðstefnu og viðskiptakostnaður .....	9.126.691	12.867.391
Rekstur tölvubúnaðar og hugbúnaður .....	40.891.736	38.959.214
Reikningsleg aðstoð .....	2.318.800	3.100.901
Lögfræði- og ráðgjafakostnaður .....	6.655.328	6.602.256
Aðkeypt þjónusta .....	39.052.087	33.835.903
Vátryggingar .....	449.075	368.233
Tryggingar starfsfólks .....	367.542	277.288
Annar kostnaður .....	670.481	514.699
	<u>176.649.887</u>	<u>221.899.467</u>

### 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2019	2018
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Innleystur hagnaður eignastýringar .....	44.362.193	12.557.739
Óinnleystur hagnaður eignastýringar .....	267.643.254	104.405.982
Arðstekjur eignastýringar .....	419.224	783.481
Vaxtatekjur eignastýringar .....	29.980.339	37.771.350
Umsýsluþóknun eignastýringar .....	(9.990.888)	(4.537.880)
Vaxtatekjur .....	9.399.490	13.249.918
Vaxtatekjur vegna innheimtu lífeyrissjóða .....	1.934.120	2.051.127
	<u>343.747.732</u>	<u>166.281.717</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þjónustugjöld .....	(108.939)	(82.180)
Þjónustugjöld kreditkorta .....	(14.183)	(15.020)
Sedilgjöld reikninga .....	(126.426)	(127.984)
Vextir .....	0	(309)
	<u>(249.548)</u>	<u>(225.493)</u>
Fjármagnstekjuskattur .....	(27.888.348)	(31.445.606)
	<u>315.609.836</u>	<u>134.610.618</u>

#### Tekjur af fjárfestingum

Fjárfestingar eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjárfestinganna færir sjóðurinn með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilátímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum sjóðsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum sjóðsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

## Skýringar

### 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) frh.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

#### *Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur*

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

#### *Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging*

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 8. Fjárfestingar í verðbréfum

Fjárfestingar VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses. eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins, Íslandsbanka og Landsbanka. Eignastýringin vinnur samkvæmt fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og tekur mið af markmiðum og aðstæðum sjóðsins.

Í efnahagsreikningi flokkast fjárfestingarnar í þrennt: Eignahluti í félögum og sjóðum, skuldabréf og skuldabréfasjóði og innlánsreikninga.

	2019	2018
Eignarhlutir í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:		
Hlutabréf í skráðum félögum .....	23.890.390	22.487.364
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða .....	236.503.038	205.152.880
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfasjóða .....	237.864.796	210.112.706
	<u>498.258.224</u>	<u>437.752.950</u>
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir sundurliðast þannig:		
Ríkisskuldabréf .....	260.123.142	283.956.781
Skuldabréf sveitarfélaga .....	109.300.672	118.699.275
Skuldabréf lánastofnana .....	160.198.033	196.954.750
Skuldabréfasjóðir .....	3.204.786.754	2.666.400.748
Skuldabréf fyrirtækja .....	33.791.813	75.911.943
	<u>3.768.200.413</u>	<u>3.341.923.496</u>

Innlánsreikningar í eignastýringu:

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjárjóðir í eignastýringu.

Ávöxtun fjárfestinga í eignastýringu:

Ávöxtun fyrir fjármagnstekjuskatt .....	332.414.122	150.980.672
Nafnávöxtun .....	7,83%	3,89%
Raunávöxtun .....	4,90%	0,86%

## Skýringar

### 8. Fjárfestingar í verðbréfum frh.

#### *Félög og sjóðir, matsreglur*

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspeglar gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

#### *Skuldabréf, matsreglur*

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

#### *Áhættustýring*

Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættupáttur sjóðsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun í skýringu nr. 17.

### 9. Óinnheimt iðgjöld

	2019	2018
Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:		
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda .....	180.934.826	141.979.804
Útistandandi mótframlag lífeyrissjóða .....	153.637.983	170.660.432
	<u>334.572.809</u>	<u>312.640.236</u>

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð á nafnverði.

### 10. Handbært fé

#### *Handbært fé*

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 11. Eigið fé

#### **Stofnfé**

Stofnfé sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.500.000. Óskerðanlegt stofnfé samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.000.000.

Stofnaðilar sjóðsins eru: Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM), Kennarasamband Íslands, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Launanefnd sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg.

#### **Sjóður til forvarnarverkefna**

Stjórn VIRK tók ákvörðun um að fara af stað í sérstakt forvarnarverkefni sem áætlað er að ná til þriggja ára. Á árinu 2017 voru 150 millj.kr. færðar úr varasjóði VIRK í sérstakan sjóð meðal eigin fjár til forvarnarverkefna. Á árinu 2019 nam kostnaður tengdur forvarnarverkefnum sjóðsins kr. 45.618.138 sem færður er til gjalda meðal útgjalda til starfsendurhæfingarpg á móti til lækkunar á sjóð til forvarnarverkefna.

## Skýringar

### 12. Eigið fé frh.

#### Varasjóður

Ráðstöfun fjármuna VIRK takmarkast við verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind í skipulagsskrá og snúa að starfsendurhæfingu. VIRK er ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að sjóðurinn geti staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hf. hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.983 millj.kr. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert hjá tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þurfi að vera 4.469 millj.kr. Raunverulegur varasjóður er 4.812 millj.kr. í lok árs 2019 sem svarar til 99,3% öryggis (2018: 99,3%). Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Sjóður til forvarnarverk.	Varasjóður	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2018:				
Staða í ársbyrjun .....	1.500.000	150.000.000	4.050.760.075	4.202.260.075
Fært á sjóð til forvarnarverkefna .....		(50.000.000)	50.000.000	0
Afkoma ársins .....			305.999.169	305.999.169
Staða í árslok .....	1.500.000	100.000.000	4.406.759.244	4.508.259.244
Hreyfingar 2019:				
Staða í ársbyrjun .....	1.500.000	100.000.000	4.406.759.244	4.508.259.244
Fært á sjóð til forvarnarverkefna .....		(45.618.138)	45.618.138	0
Afkoma ársins .....			360.360.704	360.360.704
Staða í árslok .....	1.500.000	54.381.862	4.812.738.086	4.868.619.948

### 13. Ýmsar skammtímaskuldir

	2019	2018
Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:		
Lánadrottinnar .....	218.188.848	195.798.720
Ógreiddir styrkir .....	21.246.890	23.298.092
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	23.339.082	21.062.757
Áunnið orlof .....	49.883.313	46.157.786
	312.658.133	286.317.355

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

### 14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sjóðsins eru stofnaðilar, stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili .....	14.932.219	2.460.757
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila .....	14.555.594	
Guðrúnartún 1 húsfélag, í eigu stofnaðila (áður Húsfélagið Sætúni 1) .....	83.899	
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl .....	31.551.169	157.393
	61.122.881	2.618.150



## Skýringar

### 15. Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur, fyrir hönd Talnakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2019, sé þörf fyrir varasjóð að fjárhæð 2.983 millj.kr. Miðast sú þörf við tölfraðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2019 að fjárhæð 4.812 millj.kr tryggir 99,3% öryggi.

#### Skuldbindandi leigusamningar

Leigusamningur um skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sjóðsins á 1. hæð að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík er til 5 ára og tók hann gildi 1. janúar 2015. Honum lýkur án uppsagnar þann 31. desember 2019. Að leigutíma loknum á sjóðurinn forleigurétt nýti ASÍ og aðildarfélag þess ekki húsnæðið til eigin nota. Samningsfjárhæðin er verðtryggt og skal taka mánaðarlegum hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Sjóðurinn er einnig með húsaleigusamning við Eflingu-stéttarfélag um leigu á 4. hæð að Guðrúnartúni 1. Leigusamningurinn er til 5 ára og tók hann gildi 1. júlí 2014 og lýkur án uppsagnar þann 1. júlí 2019. Leigutaki hefur að leigutíma loknum forleigurétt á húsnæðinu.

Á árinu 2019 gerði sjóðurinn samning við Eflingu-stéttarfélag um leigu á kennslustofu/fundarsal í fræðslusetri Eflingar á 4. hæð suðurhúss samtals 36,4 fermetra. Samningurinn tók gildi 15. nóvember 2019 og er til 30. apríl 2021.

#### Væntanleg breyting í reikningslegri meðhöndlun rekstrarleigusamninga

Þann 1. janúar 2019 tók í gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16, um leigusamninga. Staðallinn leiðir til þess að nánast allir rekstrarleigusamningar til lengri tíma en 12 mánaða verða færðir í efnahagsreikningi leigutaka, leigueign (réttur til að nota hina leigðu eign) til eignar annars vegar og skuld vegna framtíðarleigugreiðslna hins vegar. Þrátt fyrir að Virk Starfsendurhæfingarsjóður ses. geri reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga, er líklegt að ákvæði nýja staðalsins muni eiga við um sjóðinn. Gangi það eftir verða leigusamningar færðir í efnahagsreikning þann 1. janúar 2021 og er áætlað að áhrifin verði umtalsverð á eignir og skuldir félagsins. Áætluð áhrif fara fyrst og fremst eftir tímalengd leigusamning, en miðað við að núverandi leigusamningar væru eignfærðir frá 1. janúar 2020 og beitt væri einfaldri innleiðingaraðferð þá myndu eignir og skuldir aukast um 46 milljónir.

#### Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings .....	1.770.000	1.690.000
Önnur þjónusta .....	550.000	628.800
	<u>2.320.000</u>	<u>2.318.800</u>

### 16. Aðrar helstu reikningsskilaaðferðir

#### 16.1 Gjaldfærsla kostnaðar

Kostnaður er færður til gjalda á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### 16.2 Skattamál

Í skipulagsskrá sjóðsins eru ákvæði þess efnis að jákvæð afkoma af starfsemi hans verði aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk hans og með vísan til þeirra ákvæða hefur sjóðurinn fengið undanþágu frá skattlagningu. Sjóðurinn er því ekki tekjuskattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt af rekstri sínum þó um jákvæða afkomu sé að ræða.

#### 16.3 Skuldbindingar

Sjóðurinn færir skuldbindingu þegar sjóðurinn hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

## Skýringar

### 17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita lögum samkvæmt. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær. Engin ríkisábyrgð er á starfsemi VIRK og því er mikilvægt að það sé til staðar varasjóður til að mæta bæði sveiflum í rekstri og óvæntum áföllum í rekstri og þjónustu. Starfsemi VIRK er víðtæk og á hverjum tíma eru til staðar skuldbindingar gagnvart bæði einstaklingum og þjónustuaðilum sem geta náð nokkur ár fram í tímann. Vísað er til umfjöllunar um útreikninga á nauðsynlegum varasjóði VIRK í skýringu 12 hér að framan.

Aðrir áhættuþættir tengjast varðveislu og ávöxtun varasjóðs VIRK s.s. vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur sjóðsins í varðveislu varasjóðs telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu.

#### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu sjóðsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur sjóðurinn tryggt fjölbreytni og varkárni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja sjóðsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Sjóðurinn hefur falið Íslandsbanka og Landsbankanum að stýra eignasafni sjóðsins. Eignastýringin þarf að fylgja fjárfestingaráætlun sem samþykkt hefur verið af stjórn. Fjárfestingarstefnan er eftirfarandi:

	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán - peningamarkaðsinnlán .....	0%	100%	10%
Ríkisskuldabréf og víxlar .....	40%	100%	60%
Önnur skuldabréf .....	0%	30%	20%
Hlutabréf .....	0%	30%	10%

Í árslok 2019 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Landsbankinn	Íslandsbanki
Innlán - peningamarkaðsinnlán .....	5,9%	8,9%
Skuldabréf .....	82,3%	80,9%
Hlutabréf .....	11,9%	10,2%
- Innlend hlutabréf .....	5,6%	5,9%
- Erlend hlutabréf .....	6,3%	4,3%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

#### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærri gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gegnig skuldabréfa.

#### Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 188 milljónir króna.

## Skýringar

### 17. Fjárhagsleg áhættustjórnun frh.

#### Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhattu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

#### Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breyting á eignasafninu um 25 milljónir króna.

#### Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Sjóðurinn fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

#### Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunar þýðir breyting á eignasafninu um 14 milljónir króna.

### 18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla COVID-19 veirunnar haft viðtæk áhrif á efnahagsumhverfið á heimsvísu. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort áhrifin munu gæta til lengri eða skemmri tíma en ljóst er að nú þegar hafa þau leitt til verðfalls á íslenskum hlutabréfamarkaði og lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. hefur metið áhrif COVID-19 veirunnar og það er ljóst að áhrifin á rekstur VIRK á árinu 2020 verða veruleg. Stærstur hluti tekna VIRK er hlutfall af launum á vinnumarkaði og VIRK fær ekki greitt hlutfall af atvinnuleysisbótum. Því má gera ráð fyrir að tekjur VIRK á árinu 2020 muni dragast umtalsvert saman. COVID-19 mun einnig hafa einhver áhrif á útgjöld eins og aðkeypt starfsendurhæfingarræði en gera má ráð fyrir tekjusamdráttur verði mun meiri en samdráttur í útgjöldum.

Áhrif COVID-19 á varasjóð VIRK geta einnig orðið umtalsverð á árinu 2020. Ef VIRK á að halda uppi öflugri starfsendurhæfingarsjónustu á þessum tíma og tímanum á eftir COVID-19 má því reikna með að ganga þurfi að einhverju leiti á varasjóð VIRK til að tryggja þjónustu. Einnig þarf að fara vel yfir rekstur VIRK og leita allra mögulegra leiða til hagræðingar án þess að það þurfi að koma til skerðingar á þjónustu við einstaklinga.

Staða VIRK er hins vegar sterk, efnahagur stofnunarinnar er sterkur og til staðar er varasjóður sem gerir stofnuninni kleift að halda uppi þjónustu þrátt fyrir áfall sem þetta. Stofnunin er því vel í stakk búin til að mæta efnahagslegum áföllum af völdum COVID-19 veirunnar.

# Undirritunarsíða

Undirritun stjórnarformanns  
Finnbjörn A Hermannsson



Undirritað af:  
Finnbjörn A  
Hermannsson  
1301542129  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 14:15:49  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun varaformanns stjórnar  
Davið Þorláksson



Undirritað af:  
Davið Þorláksson  
1609805679  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:38:05  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Garðar Hilmarsson



Undirritað af:  
Garðar Hilmarsson  
1308513399  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:43:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Halldóra Friðjónsdóttir



Undirritað af:  
Halldóra Friðjónsdóttir  
2611594069  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:34:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Halldór Benjamín Þorbergsson



Undirritað af:  
Halldór Benjamín  
Þorbergsson  
0504794559  
Dags: 15.04.2020  
Tími: 12:09:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Hannes Gunnar Sigurðsson



Undirritað af:  
Hannes Gunnar  
Sigurðsson  
2408552599  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:27:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir



Undirritað af:  
Hjördís Þóra  
Sigurþórsdóttir  
0506592839  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:48:22  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Margrét Sigurðardóttir



Undirritað af:  
Margrét Sigurðardóttir  
1206604469  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 14:50:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-

Undirritun stjórnarmanns  
Ragnar Þór Ingólfsson



Undirritað af:  
Ragnar Þór Ingólfsson  
1705734719  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 15:29:28  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-

Undirritun stjórnarmanns  
Ragnar Þór Pétursson



Undirritað af:  
Ragnar Þór Pétursson  
2603765869  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:29:35  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-

# Undirritunarsíða

Undirritun stjórnarmanns  
Sólveig Anna Jónsdóttir



Undirritað af:  
Sólveig Anna  
Jónsdóttir  
2905754789  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:40:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir



Undirritað af:  
Sólveig Bachmann  
Gunnarsdóttir  
1404632139  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:33:23  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Unnur Sverrisdóttir



Undirritað af:  
Unnur Sverrisdóttir  
2812595209  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 15:46:36  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun stjórnarmanns  
Þórey Sigríður Þórðardóttir



Undirritað af:  
Þórey Sigríður  
Þórðardóttir  
1709674539  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 14:47:36  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun framkvæmdastjóra  
Vigdís Jónsdóttir



Undirritað af:  
Vigdís Jónsdóttir  
1012655019  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 13:42:10  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d

Undirritun óháðs endurskoðanda  
Bryndís Björk Guðjónsdóttir



Undirritað af:  
Bryndís Björk  
Guðjónsdóttir  
2812654079  
Dags: 14.04.2020  
Tími: 15:20:48  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4c39172-  
dc92-4743-bd87-  
6661ec21f30d